



**DAGSKRÁ 12+**

**NORÐURLÖNDIN OG FLEIRA**

# KYNNINGAREFNI FYRIR KENNARA OG LEIÐBEINENDUR

## RIFF – Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík: Barna- og ungmennadagskrá

RIFF er stærsta kvikmyndahátíð Íslands fyrir börn og unglunga á aldrinum 4-16 ára. Í ár mun RIFF í sjöunda skipti sýna áhrifamiklar stuttmyndir víðsvegar að úr heiminum sem sérstaklega eru ætlaðar þessum aldurshópi. Við bjóðum þér að taka þátt og skapa samtal við börn og unglunga um hinn magnaða heim kvikmyndanna. Þetta er einstakt tækifæri til að gægjast inn í heim kvikmyndanna og bjóða börnum og unglungum upp á eftirminnilega menningarupplifun.

Í ár heldur RIFF upp á 17 ára afmæli sitt og margt hefur gerst á sviði kvikmynda fyrir börn og unglunga síðan hátíðin var fyrst haldin. Stuttmyndir eru ei lengur aðeins aðgengilegar í kvikmyndahúsum, sjónvarpi og á myndbandsspólum heldur eru þær aðgengilegar okkur öllum stundum í - jafnvel í formi myndbanda sem yngri kynslóðin skapar sjálf og deilir með öðrum á veraldarvefnum. RIFF leitast eftir að sýna einstakar stuttmyndir sem ögra, örva og heilla yngri áhorfendur.

Alls verður boðið upp á fimm stuttmyndadagskrár, auk kvikmyndasýninga, sem aðgengilegar verða í kvikmyndahúsum og skólum bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.

Kvikmyndir, með sýnar sterku ímyndir og skálduðu eða sannsögulegu dæmisögur, geta vakið okkur til umhugsunar um mikilvæg málefni svo sem sambönd, samfélagsleg málefni, sjálfbærni, umhverfið og loftlagsmál á sérstakan hátt. Í stuttu máli sagt þá er eðli kvikmynda slíkt að þær vekja hjá okkur mismunandi tilfinningar og jafnvel spurningar um lífið sjálft.

Þáttöku í barna- og unglingadagskrá RIFF er ætlað að vera skemmtileg og fræðandi upplifun þar sem við skoðum heiminn í gegn um linsu hreyfimyndanna. Með það að markmiði höfum við sameinað stuttmyndadagskrár og tillögur að kennsluefni, sem gerir kennurum og leiðbeinendum kleift að nota stuttmyndirnar sem kennsluefni bæði fyrir, á meðan og að sýningu lokinni.

Margar af þeim myndum sem sýndar eru á RIFF henta vel sem viðbótarefni við þær greinar sem þegar eru kenndar í leik- og grunnskólum landsins. Þetta er því frábært tækifæri til að tvíanna saman áhrifaríkar stuttmyndir og kennslu þar sem ólík viðfangsefni eru sett í samhengi við þennan skapandi miðil.

RIFF hefur valið myndir og sett saman í flokka með það að markmiði að kynda undir forvitni nemenda og opna augu þeirra fyrir mismunandi málefnum.



### Barna- og ungmennadagskrá RIFF er styrkt af List fyrir alla.

**List fyrir alla** velur og miðlar listviðburðum til barna og ungmenna um land allt og jafnar þannig aðgengi barna á grunnskólaaldri að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Höfuðáhersla er lögð á list fyrir börn og list með börnum.

## DAGSKRÁ 12+: NORÐURLÖNDIN OG FLEIRA

Saga Norðurlandanna er bæði skemmtileg og margslungin! Í dag er Ísland sjálfstætt land en áður fyrr var það hluti af Danmörku og enn áður hluti af Noregi, en fyrst var það bara eyja úti hafi sem tilheyrði Víkingunum sem sjálfir ferðuðust um víðan völl og komu við á ótrúlegustu stöðum. Í dag þykja Norðurlöndin friðsöm en lengi geisuðu þar stríð og erjur milli konunga og jafnvel fjölskyldna. Það má því með sannri segja að saga Norðurlandanna sé að minnsta kosti ekki leiðinleg!

En hvernig tengjast Íslendingar hinum Norðurlöndunum? Hvernig berum við okkur saman við þau?

Í dag eru töluðuð mismunandi tungumál í öllum Norðurlöndunum og hvert land hefur sína sérstöku menningu, þó svo að margt sé ef til vill líkt með sumum löndum. Myndir og sjónvarpsþættir frá Norðurlöndunum njóta sívaxandi vinsælda og gefa okkur aukna innsýn inn í líf og menningu hinna norðurlandapjóðanna.

En hvað vitum við raunverulega um Norðurlöndin? Prófum okkur áfram með þessum stuttmyndapakka þar sem við könnum þekkingu okkar á Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.



## **Vetrarvatn / Talvinen Järvi** **Finnland | Petteri Saario | 15 mín**

Maður þarf að vera algjör vitleysingur til að fara í útilegu að vetri til, er það ekki? Alls ekki! Þrettán ára Emika og frænda hennar Antti finnst það alveg jafn gaman á veturna eins og á sumrin. Ógleymanleg upplifun í hinum fallegu og töfrandi óbyggðum Finnlands.



## **Vatnshræðsla / Vannskrekk** **Norgurur | Vigdis Nielsen | 20 mín**

Hin ellefu ára Vilja þarf að ögra sjálfri sér og berjast á móti eineltinu sem hún verður fyrir á hálfu stelpnanna í þorpinu sínu. Hún þarf að standa með sjálfri sér og vernda heiður afa síns sem sjálfur er nokkuð gamaldags. Kvikmynd um einveru og hugrekki.



**Sparkandi kórinn / Sparkekoret  
Noregur | Torfinn Iversen | 18 mín**

Hinn tíu ára gamli Gabriel elskar að syngja og hans stærsti draumur er að fá að syngja með kórnum í heimabyggð hans. Kórinn ferðast um snævipakið landslag Norður-Noregs á skíðasleðum og er þekktur fyrir góðvild sína og mannkærleik gagnvart flóttamönnum þorpsins. En þegar pabbi Gabriels lendir í slag við einn af flóttamönnum flækir það málin fyrir inngöngu Gabriels í Skíðasleðakórinn.



**Sam og kjarnorkuverið í næsta húsi / Sam and the plant next door  
Bretland | Ömer Sami | 24 mín**

Hinn 11 ára gamli Sam elst upp við hlið stærsta nýja kjarnorkuvers Bretlands og hefur verulegar áhyggjur af því hvaða áhrif það hafi á heiminn í kringum hann. Hann þarf að skoða sín siðferðislegu gildi og ákveða hvers konar manneskja hann vill vera. Myndin vann Ekko Shortlist verðlaun fyrir bestu heimildarmyndina.



## **MAJA**

**Danmörk | Marijana Jankovic | 22 mín**

Maja, sex ára gömul serbnesk stúlka, á erfitt með samskipti við önnur börn og er oftast en ekki miskilin. Eftir langan og einmanalegan dag koma foreldrar hennar að sækja hana og þegar við höldum að dagurinn hennar sé að kveldi kominn áttum við okkur á því að hann er bara rétt að byrja.

## TILLÖGUR AÐ KENNSLUEFNI

Athugið að fleiri tillögur að kennsluefni og ýmislegt fræðsluefni um Norðurlöndin má finna á heimasíðunni <https://nordeniskolen.org/is/>

### ÁÐUR EN AÐ MYNDIN HEFST:

Ræðið saman um að fara í kvikmyndahús. Hvernig er að hofa á kvikmyndir í kvikmyndahúsi? Hverjar eru væntingar okkar þegar við förum í kvikmyndahús? Eiga hljóðin í kvikmyndahúsi að vera á einhvern ákveðinn hátt? Hvað með kvikmyndirnar sjálfar, hvernig myndir eiga að vera í “bíó”?

### Tillaga að verkefni: Þekkir þú norðurlöndin? Búið til kort!

Nemendur geta reynt á eigin þekkingu þegar kemur að norðurlöndunum með því að teikna kort af Íslandi, Danmörku, Færeyjum, Grænlandi, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Búa nemendur yfir skemmtilegri þekkingu um þessi lönd?

Hægt er að skipta nemendum í hópa þar sem hver hópur fær pappír og skriffæri til að teikna kort. Leyfið nemendum að spjalla saman um verkefnið og hvaða hugmyndir þau hafa um kortagerðina. Á meðan verkefninu stendur getur kennari hjálpið nemendum að rifja upp skemmtilegar staðreyndir um norðurlöndin. Staðreyndirnar geta verið allskonar og komið víðsvegar að, til dæmis jafnvel úr sjónvarpsþáttum eða bíómyndum sem börnin hafa sér. Ef til vill kannast þau líka við ýmsar “klisjukenndar” hugmyndir um Norðurlöndin.

Á meðan að nemendurnir eru að ræða saman og teikna sín kort, þá getur kennari til dæmis teiknað stórt kort á töfluna.

Þegar að allir hóparnir hafa klárað sína teikningu, geta nemendur kynnt sín kort. Skriðið skemmtilegar staðreyndir og annað sem nemendum datt í hug uppá töflu. Þegar að allir hóparnir hafa kynnt sín verkefni þá getur allur bekkurinn spjallað saman um niðurstöðurnar. Hverjar eru skemmtilegustu staðreyndirnar sem hópunum datt í hug? Hvaðan kemur þessi þekking? Voru þau hissa á einhverju sem öðrum hópum datt í hug?

Að lokum, ræðið myndina sem þið ætlið að horfa á. Tengist myndin einhverju af því sem nemendurnir ræddu um? Er myndin með eitthvað ákveðið þema sem er sérstakt fyrir eitthvað ákveðið land? Hvað halda nemendurnir að myndin muni vera um?

### EFTIR SÝNINGU: Tillögur að umræðum

- Hvernig fannst nemendum myndin? Hvað fannst þeim áhugavert við hana?
- Tóku nemendurnir eftir einhverju sérstöku við tungumál myndarinnar eða hvernig tungumálið var notað?
- Hlustið vel. Er orð í myndinni sem er notað aftur og og aftur? Hvað þýðir þetta orð? Takið eftir textanum, hvernig er orðið þýtt?
- Hefðu þessar myndir getað átt sér stað einhverstaðar annarstaðar en á Norðurlöndunum. Hvað hefði verið öðruvísi ef sama saga ætti sér stað t.d. í Suður Evrópu?

→ Hvaða málefni fjallar myndin um?

**Dæmi:** átök, fjölskylda, vinátta, barnæska, ungdómur, vandamál, eða annað?

→ Er myndin með sérstakt Norðurlanda þema? Af hverju, eða af hverju ekki?

→ Hvaða skilaboð sendir myndin? Hvernig notaði myndin kvikmyndataækni (t.d. lýsingu, tónlist, hljóð og/eða tákn)?

→ Líkaði þér myndin? Af hverju, eða af hverju ekki?